

Sp.

926. Tillaga

til þingsályktunar um skipun millipinganefndar til að íhuga ýms fjármál landsins.

(Eftir eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að skipa 5 manna nefnd, til þess að taka til íhugunar fjármál landsins, sérstaklega:

Að rannsaka með hverju móti tiltækilegast sé að auka tekjur landssjóðs, og í sambandi við það, hvort heppilegt væri að landið hefði einkasölurétt á nokkrum aðfluttum vörum, svo sem tóbaki, steinolíu, kolum o. fl.

Fjórir nefndarmanna skulu kosnir af sameinuðu þingi með hlutfallskosningu, en landsstjórnin nefnir sjálf til einn þeirra, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Kostnaður við nefndina greiðist úr landssjóði. Aðstoð við nefndarstörfin, svo og útgjöld til þess að útvega nægar upplýsingar, teljast til kostnaðar við nefndina.

Nefndin skal senda landsstjórninni tillögur sínar svo fljótt sem hún fær því við komið og þau lagafrumvörp, er hún kann að semja um þessi efni, en landsstjórnin leggi fyrir alþingi svo fljótt sem unt er þau af frumvörpum þessum, er hún aðhyllist.